

**30** efnilega menn til búnaðarnáms eða rannsókna á sviði búnaðar, einnig til hagnýtra  
9. marz leiðbeininga um ræktun og fegrun sveitarinnar.

## 5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 20 000 — tuttugu þúsund — krónur, má veita úr honum í fyrsta sinn  $\frac{2}{3}$  vaxta hans, en  $\frac{1}{3}$  vaxta leggst við höfuðstólinn. Veita skal úr sjóðnum þriðja hvert ár eftir sömu hlutföllum, þar til sjóðurinn er orðinn 50 þúsund krónur, þá skal veita úr honum þriðja hvert ár  $\frac{3}{4}$  vaxta hans, en  $\frac{1}{4}$  leggjast við höfuðstól.

## 6. gr.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum til minningar um Daniel og Amalíu, enn fremur aðrar gjafir veittar í því augnamiði, að auka ræktunarframkvæmdir í Súgandafirði.

## 7. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Súgriðinga eða annarri tryggri peningastofnun.

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn: formaður búnaðarfélags í Súgandafirði og tveir menn kjörnir af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps, annar þeirra nákominn ættingi Daniels, og skal hann vera formaður.

## 9. gr.

Endurskoðendur skulu vera tveir, tilnefndir af hreppsnefnd.

31

12. marz

## AUGLÝSING

## um framlengingu ökukennararéttinda.

Með skírskotun til þess að lög og reglugerðir um umferða- og bifreiðamál eru nú í endurskoðun, framlengist hér með, til 31. marz 1957, löggildingar manna til ökukennslu samkvæmt 1. mgr. og 3. mgr. 21. gr. bifreiðalaga og reglugerð nr. 178 frá 13. desember 1948, um kennslu og próf fyrir bifreiðarstjóra, og reglugerð nr. 58 27. marz 1953, um breytingu á þeirri reglugerð, sbr. augl. nr. 45 11. marz 1955.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 12. marz 1956.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

32

12. marz

## AUGLÝSING

## um eftirlitsgjald af fódurblöndum.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fódurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið, að ákvæði auglýsingar nr. 202 25. okt. 1947, um eftirlitsgjald af fódurblöndum, skuli gilda óbreytt árið 1956.

*Atvinnumálaráðuneytið, 12. marz 1956.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*